

Minnisblað

Til:
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 17. júlí 2020
Mnr. 2020070051



ÍSAFJARÐARBÆR

Ósk um styrk til sjúkraflutninganáms - Rauði kross Íslands á Þingeyri

Þann 14. júlí 2020 barst Ísafjarðarbæ tölvupóstur frá Jónínu Hrönn Símonardóttur, formanni Dýrafjarðardeildar Rauða kross Íslands.

Óskað er eftir fjárstyrki, k r.150.000-200.000, vegna kostunar tveggja starfsmanna deildarinnar til náms í Sjúkraflutningaskóla Íslands, vorið 2020.

Nýlega fóru fjórir aðilar frá Þingeyri í nám í Sjúkraflutningaskólanum, en talin var þörf til frekari menntunar og mönnunar á Þingeyri, sérstaklega með tilkomu Dýrafjarðargangna. Þessir fjórir voru einn slökkviliðsmaður og þrír einstaklingar frá RKÍ.

Síðastliðinn vetur var gerður samningur um að Ísafjarðarbær myndi greiða nám slökkviliðsmanns og eins einstaklings frá RKÍ, og hefur greitt fyrir það alls kr. 787.143 (kr. 370.877+416.266) á árinu 2020.

Samkvæmt tölvupóstinum var ákveðið að RKÍ myndi kosta nám tveggja manna RKÍ, og hefur Dýrafjarðardeild RKÍ greitt um 850.000 kr. fyrir námið, auk þess sem fyrir liggur frekari kostnaður vegna starfsnáms utan héraðs á næstunni.

Aðstæður hafa nú breyst hjá RKÍ varðandi heimildir til greiðslu námsins, og leitar Dýrafjarðardeildin því eftir styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum vegna þessa.

Óskað er eftir því að bæjarráð taki afstöðu til styrkbeiðninnar.